Nr. 44.
15.
desbr.

# Konungleg auglýsing

til

## Íslendinga

viðvíkjandi ávarpi frá neðri deild alþingis o. fl.

**Vjer Christian hinn Níundi,** af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

**Gjörum kunnugt:** Stjórnarráðherra Vor fyrir Ísland hefur fyrir Oss lagt allraþegnsamlegast ávarp, er neðri deild alþingis síðast liðins sumars hefur samþykkt að senda Oss, þess efnis, að fela forsjá Vorri sjerstaklega ýms af lagafrumvörpum þingsins, einkum og sjer í lagi frumvarp það til stjórnarskipunarlaga um hin sjerstaklegu málefni Íslands, er þingið hefur samþykkt, svo að nauðsyn hefur til þess borið samkvæmt 61. gr. stjórnarskrárinnar að leysa upp alþingi og stofna til nýrra kosninga, eins og Vjer höfum gjört með tveimur opnum brjefum Vorum, dagsettum 29. september þ. á.

Vjer metum mjög mikils hollustu þá við Oss, er ávarp þetta ber svo hlýjan vott um, og er það einnig Oss gleðiefni að líta yfir árangurinn af samvinnu alþingis og stjórnar Vorrar um liðin ár. En gagnvart slíku stjórnarskrárfrumvarpi og því, er nú hefur samþykkt verið, sjáum Vjer Oss eigi fært að breyta þeirri stefnu, er Vjer höfum ávallt fylgt í þessu máli, og Vjer gjörðum síðast grein fyrir í auglýsingu Vorri til Íslendinga, dagsettri 2. nóvember 1885, þá er um lagafrumvarp var að ræða, er fór mun skemra, en þetta frumvarp í þá átt, að skilja Ísland frá ríkisheildinni. Af þeim sömu ástæðum, sem þar eru teknar fram, verður þess heldur ekki vænzt, að þetta frumvarp öðlist staðfestingu Vora, enda þótt það kunni og að verða samþykkt af hinu nýkosna alþingi, er Vjer höfum stefnt til fundar næsta sumar með opnu brjefi Voru, dagsettu í dag.

Þetta höfum Vjer viljað gjöra Vorum kæru og trúu þegnum á Íslandi kunnugt nú þegar, til þess að enginn láti leiðast af vonum í þessu máli, sem eigi munu geta rætzt, og til þess að gjöra með því það, sem í Voru valdi stendur til þess, að alþingi

# Allerhøjeste Kundgørelse

til

## Islænderne

angaaende en fra Altingets nederste Afdeling indgiven Adresse m. m.

Nr. 44.
15de
Decbr.

**Vi Christian den Niende,** af Guds Naade Konge til Danmark, de Venders og Goters, Hertug til Slesvig, Holsten, Stormarn, Ditmarsken, Lauenborg og Oldenborg,

Gjøre vitterligt: Af Vor Minister for Island er blevet Os forelagt en af Altingets nederste Afdeling i Tingets i afvigte Sommer afholdte Samling vedtagen allerunderdanigst Adresse, der gaar ud paa til Vor særlige Omsorg at anbefale forskellige af Altinget i dets nævnte Samling vedtagne Lovforslag, deriblandt først og fremmest det Forslag til Forfatningslov for Islands særlige Anliggender, hvis Vedtagelse har medført Nødvendigheden af overensstemmende med Forfatningslovens § 61 ved Vore tvende aabne Breve af 29de September d. A. at opløse Altinget og udskrive nye Valg til samme.

Vi paaskønne i høj Grad den Hengivenhed for Os, der saa varmt har givet sig Udtryk i denne Adresse, og ogsaa Vi se med Tilfredshed tilbage paa Frugterne af de forløbne Aars Samarbejde mellem Altinget og Vor Regering. Men overfor et Forfatningslovforslag som det nu vedtagne se Vi Os ikke i Stand til at forandre den Stilling, Vi i denne Sag stedse have indtaget, og for hvilken Vi senest med Hensyn til et Lovforslag, som i Retning af en Udskillelse af Island fra Vort øvrige Rige var mindre vidtgaaende end det nu foreliggende, have gjort Rede i Vor allerhøjeste Kundgørelse til Islænderne af 2den November 1885. Af de samme Grunde, som der ere gjorte gældende, vil heller ikke det nuværende Forslag kunne forvente Vor allerhøjeste Stadfæstelse, selv om det maatte blive vedtaget ogsaa af det nyvalgte Alting, som Vi ved Vort aabne Brev af Dags Dato have indkaldt til Møde i den kommende Sommer.

Dette have Vi allerede nu villet tilkendegive Vore kære og tro Undersaatter paa Island, for at ikke nogen i denne Sag skal lade sig lede af Forhaabninger, som ikke ville kunne opfyldes, og for saaledes at gøre Vort til, at der af de forestaaende

Nr. 44.
15. desbr. verði svo skipað eptir kosningar þær, er í hönd fara, að það, í stað þess að eyða til einskis kröptum landsins í tilraunum til þess að koma fram stjórnarskipunarbreyting, sem eigi verður samrýmd eining ríkisins, kosti heldur kapps um að halda fram upp teknum störfum að heill og framförum Íslands með því stjórnarskipunarlagi, sem er og reynzt hefur svo viðunandi, að því má hlíta til fulls í þær þarfir, og að þessu heitum Vjer enn að styðja af alhuga.

*Gefið á Amalíuborg, 15. desember 1893.*

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*

Valg maa fremgaa et Alting, som fremfor med unyttigt Spild af Landets Kræfter at tilstræbe en med Rigets Enhed uforenelig Forfatningsforandring, vil rette sine Bestræbelser paa et saadant fortsat Arbejde for Islands Vel og Opkomst paa den bestaaende Forfatnings Grund, som denne har vist sig fuldtud i Stand til at bære, og hvortil Vi fremdeles tilsige Vor varmeste Bistand.

Givet paa Amalienborg, den 15de December 1893.

**Under Vor Kongelige Haand og Segl.**

***Christian R.***

(L. S.)

*J. Nellemann.*